



Túnsbergi 11.nóvember 2025

Kæra sveitarstjórnarfólk!

Við í Hestamannafélaginu Jökli óskum eftir fundi til að koma af stað samtali á milli sveitarfélaganna í uppsveitunum og Hmf Jökuls í þeim tilgangi að efla enn frekar starf félagsins. Starfið og samstarfið í sameinuðu hestamannafélagi hefur verið afar gott og fjölbreytt og má að stórum hluta þakka þeim öfluga fjárstuðningi sem sveitarfélögin veita í æskulýðsstarfið. Nú er svo komið að við finnum áþreifanlega fyrir þörf fyrir félagshesthúsi og rýmra reiðsvæði til að tryggja betur öryggi iðkenda. Við í félaginu höfum mikinn hug á því að reist verði stærra íþróttamannvirki sem þjónusti betur alla þá sem vilja stunda hestaíþróttina og fleiri til.

Þónokkur undirbúningsvinna hefur farið fram á vegum félagsins og viljum við nú stíga næsta skref og fá fund með hverju sveitarfélagi til að koma okkar sjónarmiðum á framfæri og í kjölfarið kanna hug sveitarstjórna til samstarfs í þessu verkefni.

Sveitarfélögin sem tilheyra starfsvæði Jökuls eru:

- Bláskógabyggð
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Hrunamannahreppur
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Með fyrirfram þökk

Formaður Hmf Jökuls

Bragi Viðar Gunnarsson